

Kveðja frá forstjóra

Hagræðing treystir söluna og hráefnisverðið

Starfsmenn Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar vinna stöðugt að hagræðingarverkefnum á ýmsum sviðum í rekstrinum. Markmiðið er að lækka söfnunar- vinnslu og dreifingarkostnað með það í huga að styrkja mjólkurvörur í sölu á markaði og tryggja getu félagsins til að mæta hækkunarþörf bænda.

Árið 2011 var áhersla lögð á að hagræða í flutningakerfum og á þessu ári verða áfangalok í því verkefni þegar lýkur innleiðingu breytinga í flutningakerfum á Norðurlandi. Þá er gert ráð fyrir að vinnan hafi skilað allt að 200 milljóna króna árlegri lækkun kostnaðar. Það vegur á móti gríðarlegum verðhækkunum á ýmsum liðum sem tengjast flutningum félagsins, t.d. í eldsneyti, tryggingum, varahlutainnkaupum o.fl.

Á þessu ári verður hafist handa um tölverðar breytingar í framleiðsluskipulagi. Veigamesta breytingin er flutningur á mjólkurpökkun frá Reykjavík til Selfoss. Þá verður félagið með eina stóra mjólkurpökkunarstöð norðanlands og aðra sunnanlands. Jafnframt verður starfsemi í Reykjavík breytt þannig að félagið starfrækir þar birgðahald fyrir allt landið og eykur svigrúm til dreifingar á kælivörum. Hagræðing af þessum aðgerðum og öðrum breytingum sem framundan eru í vinnslustöðvum hleypur á hundruðum milljóna króna. Ávinningur hagræðingar undanfarin ár hefur ekki nema að litlu leiti staldrað við hjá félaginu. Hann hefur fyrst og fremst birst í getu félagsins til að greiða hærra hráefnisverð þrátt fyrir að verðhækkunarir á markaði hafi ekki haldið í við undirliggjandi kostnaðarhækkunarir. Hóflugar verðhækkunarir á markaði hafa styrkt mjólkurvörusöluna, sem hefur verið traustari en önnur matvörusala í mjög erfiðu efnahags- umhverfi. Á endanum er þessi hagræðingarvinna því öll í þágu bænda, eigenda Mjólkursamsölnnar.

Fjárfestingar til að styrkja reksturinn – gefur færi á meiri hagræðingu

Mjólkursamsalan mun á næstu mánuðum fylgja eftir ákvörðunum stjórnar félagsins um fjárfestingar í dýrum tækjabúnaði, nýjum og notuðum, til tveggja stærstu vinnslustöðva félagsins á Selfossi og Akureyri og í ostapökkun í Reykjavík. Á Selfossi verða settar niður mjólkurpökkunar-



vélar sem félagið kaupir notaðar frá Skandinavíu og þar verður jafnframt endurnýjuð vinnslu og pökkunarlína fyrir sýrðar vörur og keypt notaður frátökubúnaður fyrir viðbit. Á Akureyri verður ostavinnsla félagsins endurnýjuð. Stjórn MS tók ákvörðun um mánaðmótið apríl/maí að panta ný tæki til forvinnslu mjólkur fyrir ostavinnsluna og gengið verður frá samningum fyrir lok mánaðarins. Í framhaldi er gert ráð fyrir að kaupa nýjar ostapressur sem er stærsti hluti þessarar fjárfestingar. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingar félagsins vegna tækja og breytinga í tengslum við þær nemi um 1.500 – 2.000 milljónum króna og að verkefnum verði lokið fyrir árslok 2013.

Aðalfundur Auðhumlu – festa í rekstrinum

Aðalfundur Auðhumlu var haldin í húsa kynnum vinnslustöðvarinnar á Selfossi 13.apríl síðastliðinn. Fundinn sátu 58 fulltrúar deilda Auðhumlu, stjórn, forstjóri, framkvæmdastjórn MS og gestir. Á fundinum voru kynntar þær breytingar og fjárfestingaáform sem stjórnin hafði þá þegar fjallað um og greint er frá í þessu fréttabréfi. Þeir sem til máls tóku á fundinum lýstu stuðningi við þessar aðgerðir og þá hugsun um hagræðingu og sókn sem að baki lægi.


Hagnaður varð af starfsemi Auðhumlu annað árið í röð, 214 milljónir króna. Það er mikilvægt að styrkja þessa afkomu enn til þess að félagið geti endurnýjað sig, mætt markaðssveiflum og skapað íslenskum kúabændum aðgang að fleiri markaðssvæðum erlendis.

Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu, lýsti megin stefnu félagsins og markmiðum, að hámarka skilaverð til bænda, hámarka sölu afurða þeirra og jafna aðstöðu

gagnvart markaði. Hann lagði áherslu á að allar aðgerðir og breytingar í rekstrinum miðuðu fyrst og fremst að þessu. Hann undirstrikaði jafnframt mikilvægi þess árangurs sem náðst hefði í kostnaðarlækkun hjá félaginu undanfarin ár. Það kom meðal annars fram í því í fyrra að fyrirtækið greiddi lán sín niður um 400 m.kr. á sama tíma og það greiddi 160 m.kr. út úr stofnsjóði.

Einar Sigurðsson, forstjóri Auðhumlu, skýrði afkomu félagsins og reikninga og með hvaða hætti reksturinn hefði þróast innan ársins. Fjöldmargir kostnaðarliðir hefðu hækkað, bæði vegna gengis erlendra gjaldmiðla og vegna innlendra verðbólgu. Á móti hefði félagið unnið að hagráðingu og eins hefði verðhækkun í júlí 2011 að hluta gengið til félagsins. Það var í fyrsta sinn í nær tvö ár að mjólkuriðnaðurinn fékk heimild til verðhækkana. Bæði Einar og Egill lögðu áherslu á að stytta þyrfti tíma milli verðlagsákvæðana.

Útflutningsverð lækkar hratt



Gera má ráð fyrir að verð á umframmjólk sem tilkynnt verður um mánaðamótin maí-júní lækki. Gert er ráð fyrir að það verð sem tilkynnt verður um mánaðamótin gildi fram undir haustið. Snúist verð ekki til betri vegar á alþjóðamarkaði er líklegt að verð gæti lækkað meira hér heima. Verðþróun á markaði fyrir undanrennuduft og smjör hefur verið afar óhagstæð síðustu mánuði eins og fram

kemur á meðfylgjandi myndum. Þar kemur í ljós að effir mikinn uppgang á fyrri hluta síðasta árs hefur sigið á ógæfuhlið. Frá því verð fyrir undanrennuduft var hæst í fyrra um 4.000 dollarar fyrir tonnið hefur orðið um 35% verðlækkun og frá því verð fyrir smjör var hæst um 6.000 dollarar fyrir tonnið hefur það lækkað um hvorki meira né minna en 46%.

Af heimsframleiðslunni eru innan við 10% seld milli markaðssvæða og yfir landamæri. 90% eru framleidd til neyslu á heimamarkaði. Nú fer það saman að framleiðslan á flestum mikilvægum mörkuðum hefur vaxið um 2-4% og sumstaðar meira án þess að aukin neysla fylgdi eftir. Þessi framleiðsluaukning umfram neyslu á heimamarkaði skilar sér þá inn á þennan alþjóðlega afsetningarmarkað, sem er minni en einn tíundi hluti framleiðslunnar og veldur hlutfallslega miklu offramboði þar með tilsvareandi verðsveiflum. Mjólkurframleiðsla á Íslandi umfram greiðslumark er lögum samkvæmt flutt út á þennan afsetningarmarkað og sætir þeim verðsveiflum sem þar verða. Markmið Mjólkursamsöluunnar er að auka framleiðslu og útflutning á skyri, sem ekki sætir sömu verðsveiflum. Gera má ráð fyrir því á þessu ári að skyrframleiðslan nýti aðeins líðlega 15% af umfram mjólkinni (próteinhlutunum). Langmestur hluti umfram mjólkur er því fluttur út sem undanrennuduft og smjör til matvælaframleiðslu. Því er spáð að verð á heimsmarkaði verði mjög sveiflukennt áfram. Dæmi um áhrif af þessum sveiflum er að meðalmjólkurverð sem Arla greiðir dönskum bændum hefur lækkað frá maí á síðasta ári um 7%. Í Hollandi hefur meðalverðið sem greitt er fyrir alla mjólk lækkað um 13% milli ára.

Með kveðju,
Einar Sigurðsson forstjóri



Fulltrúar á aðalfundi skoða þökkunarlinur á Selfossi



Fulltrúar á aðalfundi Auðhumlu



Tæknin vekur athygli eins fulltrúa



Fundarstjórar, forstjóri og stjórnarmaður Auðhumlu á aðalfundinum